

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur nr. 3	Dagsetning:	12. janúar 2021	Tími: 12:00 – 13:00
Fundarstaður:			
Fundarstjóri:	MH		
Ritari:	ÁB		
Á fundinn mættu:	Árni Bragason (ÁB), Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Margrét Hauksdóttir (MH), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfðánardóttir, framkvæmdastjóri félagsins.		
Meðfylgjandi:	Bókun vegna dagskrárliðar nr. 2.		

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 12. janúar 2021

### 1. Fundargerð 8. desember 2020

Fundargerð fundar stjórnar þann 8. desember 2020 samþykkt.

### 2. Trúnaðarmál

Umfjöllun dagskrárliðar bókuð í sérstakri bókun með fundargerð.

### 3. Álit umboðsmanns Alþingis frá 30. desember 2020

Álit umboðsmanns í málum 10343/2019 og 10475/2020 liggur fyrir. Umboðsmaður lítur svo á að ákvörðun ráðherra um laun forstöðumanna á grundvelli 39. gr. a. laga nr. 70/1996 er stjórnvaldsákvörðun. Þessi niðurstaða er ekki í samræmi við það hvernig matskerfið er byggt upp en umræddu matskerfi var komið á í fullu samstarfi og samvinnu við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og fulltrúa þess.

Margar spurningar sem vakna í kjölfar álitsins, s.s. hvernig breytist málsmeðferðin almennt; hvernig breytist málsmeðferðin við mat á viðbótarlaunum; hvernig verður brugðist við gagnvart þeim forstöðumönnum sem óskuðu eftir rökstuðningi á sínum tíma eða þeim sem fara fram á rökstuðning núna og hvernig verður málsmeðferðin varðandi mögulegar hækkanir tengdar frammistöðu?

Umboðsmaður telur jafnframt óljóst að „önnur laun er starfinu fylgja“ eigi að byggjast á grunnmati starfs, svo sem felst í fyrirkomulagi ráðuneytisins, eða þá að persónubundnir þættir geti ekki haft áhrif þegar önnur laun eru ákveðin. Umboðsmaður fer ekki nánar í þetta enda beinist athugun hans í málinu ekki að þessum álitaeftum.

Hugmyndir um að setja saman starfshóp/rýnihóp til að yfirfara þessi mál með ráðuneytnu, m.a. að svara því hvernig gera megi launamatskerfið skiljanlegt fyrir félagsmenn. Ræðum þennan möguleika á samráðsfundi með KMR. Stjórn mun ekki bregðast við álitinu formlega fyrr en ljóst er hvernig KMR hyggst bregðast við.

#### 4. Workplace

Næstu skref í innleiðingu Workplace rædd. Skipuleggja þarf síðuna áður en hún er tekin í formlega notkun. Til dæmis stofna hóp fyrir stjórnina og flytja samskipti stjórnar inn á Workplace. DH ætlar að hitta skrifstofu Skólameistarafélagsins og skoða síðuna þeirra.

#### 5. Stytting vinnuvikunnar og forstöðumenn

Félaginu hafa borist fyrirspurnir og vangaveltur um það hvort að stytting vinnuvikunnar eigi við um forstöðumenn. Í nýlegu erindi til félagsins er lagt til að „stjórn FFR láti til sín taka og lýsi þeirri túlkun sinni yfir, einhliða, að forstöðumenn ríkisstofnana heyri undir verkefnið um styttingu vinnuvikunnar. Hægt væri að gera það með hliðsjón af stjórnendastefnunni sem lýsir því bæði að starfskjör þurfi að vera samkeppnishæf, fylgja almennri launaþróun, að stjórnendur skuli búa við starfsfurmhverfi sem hefur jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu þeirra.“

KMR stýrir verkefninu og er túlkun þeirra sú að forstöðumenn fá heildarlaun í samræmi við grunnmat á starfi sem er samsett af grunnlaunum og öðrum launum er starfinu fylgir. Stjórnendur sem taka laun samkvæmt lögum fá greidd heildarlaun og er hluti þeirra yfirvinna og álag sem starfinu fylgir. Í hvorugum tilvikunum kemur fram hvað margar klukkustundir vinnuvikan á að vera. Forstöðumaður er æðsti stjórnandi stofnunar og stýrir hann vinnutíma sínum sjálfur í takt við álag hverju sinni. Hvernig haldið er utan um vinnutíma forstöðumanns, orlof og veikindarétt, er stofnunarinnar að ákveða, þ.e. hvort það er gert í Vinnustund eða með öðrum hætti. KMR áréttar þó að mikilvægt sé að halda utan um þessi réttindi hjá forstöðumönnum svo það sé alveg ljóst hver réttindi þeirra eru hvað varðar t.d. veikindi og orlof. Gert er ráð fyrir því að æðstu stjórnendur ráði tíma sínum sjálfir og má m.a. benda á að í vinnutímatilskipun Evrópusambandsins kemur fram að almennt séu æðstu stjórnendur ekki verndaðir af tilskipuninni hvað vinnutíma varðar enda ráða þeir vinnutíma sínum sjálfir. Jafnframt má benda á að ekki hefur verið samið við alla starfsmenn ríkisins um þetta tilraunaverkefni um betri vinnutíma. Breytingin á því eingöngu við um þá sem heyra undir félög sem hafa samið sérstaklega um það.

FFR er ekki stéttarfélag, hefur engan samningsrétt og telur stjórn ekki rétt að félagið lýsi því yfir einhliða að stytting vinnuvikunnar eigi við um alla forstöðumenn. Stéttarfélögin sömdu um þetta hvert fyrir sig. Og sum ekki. Hver og einn vinnustaður verður að skoða þetta í sínu ljósi. Félagið hefur þó upplýsingar um að sumir forstöðumenn hafi haft sitt starf inni í verkefninu í áætlanagerðinni sem fór til ráðuneytis og engar athugasemdir verið gerðar við það.

#### 6. Önnur mál:

- Ákveðið að þrýsta á hina árlegu launahækkun til handa forstöðumönnum á næsta samráðsfundi með KMR.
- Blaðamaður hringdi í MH vegna álits umboðsmanns Alþingis.
- Erindi félagsmanns hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Farið yfir svör ráðuneytisins.

- Borið hefur á seinagangi hjá ríkinu í ráðningarmálum forstöðumanna. Stöður auglýstar seint og seinangangur í úrvinnslu umsókna. Verður rætt á næsta fundi með KMR.